

Stjórnarfundur Fuglahundadeildar 27. Apríl 2011

Fundurinn hófst á því að ný stjórn skipti með sér verkum var niðurstaðan þessi:

- Egill Bergmann formaður
- Arna Ólafsdóttir skjala og gagnavörður
- Hulda Jónasdóttir meðstjórnandi
- Jón Ásgeir Einarsson ritari
- Vilhjálmur Ólafsson gjaldkeri

Nýkjörinn stjórn er einhuga í því að halda áfram því góða starfi sem fráfarandi stjórn hafði markað þ.e. að einbeita sér því að gera starfsemi Fuglahundadeilar sem áhugverðugasta í góðu samstarfi við aðrar deildir innan tegundarhóp 7.

Teknar voru fyrir þær tillögur sem ársfundurinn samþykkti. Önnur tillagan var sú að yfirfara núverandi veiðiprófsreglur og var ákveðið að vinna í því að endurvekja eða stofna nýja nefnd til þess að fara yfir veiðiprófsreglurnar. Hin tillagan snerist um að breyta þyrfti stigagjöf FHD til stigahæsta hund ársins. Ákveðið var að kynna sér hvernig þessum málum væri háttað hjá öðrum klúbbum, héraendis sem erlendis og taka málið aftur upp á næsta fundi.

Ákveðið var að auglýsa eftir fólki í nefndir á vegum deildarinnar.

Ákveðið var að setja á stað vinnu hvernig best væri að haga til skráningu í gagnagrunn FHD. Eins og staðan er í dag þá hefur skráningin hvílt á herðum eins manns og nokkuð ljóst að slíkt fyrirkomulag gengur ekki til lengdar. Málið verður tekið upp aftur á næsta fundi.

Önnur mál voru ekki rædd og fundi slitið.